

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/369**frá 1. mars 2021****um að koma á nauðsynlegum tækniforskriftum og verklagsreglum fyrir samtengingarkerfi miðlægra skráa sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB ⁽¹⁾, einkum 31. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aðildarríkjunum ber að tengja saman landsbundnar miðlægar skrár sínar um raunverulegt eignarhald í gegnum evrópska miðlæga vettvanginn, sem komið var á fót skv. 1. mgr. 22. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 ⁽²⁾, og setja samtenginguna upp í samræmi við tækniforskriftirnar og verklagsreglurnar sem settar voru með framkvæmdargerðunum sem framkvæmdastjórnin samþykkti í samræmi við 24. gr. þeirrar tilskipunar. Munurinn á tilgangi, umfangi og innihaldi skráanna sem tengdar eru saman samkvæmt tilskipun (ESB) 2017/1132 og miðlægu skráanna um raunverulegt eignarhald samkvæmt tilskipun (ESB) 2015/849 gerir engu að síður að verkum að nauðsynlegt er að skilgreina og samþykkja frekari tækniforskriftir, ráðstafanir og aðrar kröfur sem tryggja samræmd skilyrði fyrir innleiðingu kerfisins.
- 2) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar um baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Tækniforskriftirnar og verklagsreglurnar fyrir samtengingarkerfi skráa, sem um getur í 30. og 31. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849, skulu vera eins og þær eru settar fram í viðaukanum.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73.

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 frá 14. júní 2017 um tiltekna þætti félagaréttar (Stjtið. ESB L 169, 30.6.2017, bls. 46).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. mars 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula von der Leyen

forseti.

VIÐAUKI

Framsetning tækniforskriftanna og verklagsreglnanna sem um getur í 1. gr.**1. Efni**

Samtengingarkerfi skráa um raunverulegt eignarhald (BORIS) skal komið á sem dreifstýrðu samtengingarkerfi milli landsbundinna miðlægra skráa um raunverulegt eignarhald og vefgáttarinnar um evrópskt réttarkerfi ⁽¹⁾ í gegnum evrópska miðlæga vettvanginn ⁽²⁾. Samtengingarkerfi skráa um raunverulegt eignarhald skal þjóna sem miðlæg leitarþjónusta sem gerir aðgengilegar allar upplýsingar sem tengjast raunverulegu eignarhaldi í samræmi við ákvæðin í tilskipun (ESB) 2015/849. ⁽³⁾

2. Skilgreiningar

- a) „skrá“: landsbundnar miðlægar skrár með upplýsingum um raunverulegt eignarhald sem um getur í 30. og 31. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849,
- b) „viðurkenndur notandi“: notendur samtengingarkerfis skráa um raunverulegt eignarhald sem um getur í a- og b-lið 5. mgr. 30. gr. og a- og b-lið 4. mgr. 31. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849,
- c) „skyldubundnar lágmarksupplýsingar“: sameiginlegt upplýsingamengi með sömu uppbyggingu og af sömu gerð í öllum skráum í aðildarríkjunum,
- d) „viðbótarupplýsingar“: sameiginlega fyrirframskilgreinda upplýsingamengið sem aðildarríki geta tekið ákvörðun um að deila – til viðbótar við „skyldubundnu lágmarksupplýsingarnar“ – að hluta til eða öllu leyti í gegnum samtengingarkerfi skráa um raunverulegt eignarhald,
- e) „landsbundið skráningarnúmer“: einstakt kenninúmer sem úthlutað er samkvæmt landslögum til fyrirtækis eða annars lögaðila, eða til fjárvörslusjóðs eða sambærilegs fyrirkomulags í skránni um raunverulegt eignarhald.

3. Tengsl landsbundins skráningarnúmers við einkvæma evrópska auðkennið og skráningarnúmer fyrirtækis

- 3.1. Í skránni um raunverulegt eignarhald skal deila með evrópska miðlæga vettvanginum landsbundna skráningarnúmerinu og, fyrir fyrirtæki, einkvæma evrópska auðkenninu (EUID) sem þeim er úthlutað í samtengingarkerfi fyrirtækjaskráa (BRIS) ⁽⁴⁾ sem og skráningarnúmeri fyrirtækisins, ef hið síðarnefnda er annað en landsbundna skráningarnúmerið. Nota skal skráningarnúmer fyrirtækisins til að úthluta einkvæmu evrópsku auðkenni til fyrirtækja sem ekki hafa einkvæmt evrópskt auðkenni í samtengingarkerfi fyrirtækjaskráa. Fyrir aðra lögaðila, fjárvörslusjóði eða sambærilegt fyrirkomulag, skal úthlutun á einkvæma evrópska auðkenninu byggjast á landsbundna skráningarnúmerinu.
- 3.2. Notendur samtengingarkerfis skráa um raunverulegt eignarhald skulu geta leitað að fyrirtækjum, öðrum lögaðilum, fjárvörslusjóðum eða sambærilegu fyrirkomulagi með því að nota landsbundna skráningarnúmerið og skráningarnúmer fyrirtækisins, ef það er annað en landsbundna skráningarnúmerið.
- 3.3. Aðildarríki geta valið að veita ekki landsbundið skráningarnúmer fyrir fjárvörslusjóði eða sambærilegt fyrirkomulag. Að því er varðar fjárvörslusjóði eða sambærilegt lagalegt fyrirkomulag sem stofnað er samkvæmt lögum aðildarríkisins sem skráir raunverulegt eignarhald þess, gildir þessi undanþága eingöngu í fimm ár, talið frá deginum sem samtengingarkerfi skráa um raunverulegt eignarhald er tekið í notkun.

⁽¹⁾ Hér á eftir: gáttin.

⁽²⁾ Evrópska miðlæga vettvanginum (hér á eftir: vettvangurinn) er komið á fót skv. 1. mgr. 22. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 frá 14. júní 2017 um tiltekna þætti félagaréttar (Stjtíð. ESB L 169, 30.6.2017, bls. 46).

⁽³⁾ Þetta hefur ekki áhrif á hvers konar viðbótarvirkni sem samtengingarkerfi skráa um raunverulegt eignarhald getur öðlast í framtíðinni.

⁽⁴⁾ Ákvæði 1. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 um tiltekna þætti félagaréttar og 8. gr. viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/884 frá 8. júní 2015 um að koma á nauðsynlegum tækniforskriftum og verklagsreglum fyrir samtengingarkerfi skráa sem komið var á með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/101/EB.

4. Samskiptaaðferðir

Í samtengingarkerfi skráa um raunverulegt eignarhald skal notast við þjónustumiðaðar aðferðir við rafræn samskipti, s.s. vefþjónustu, til að tengja saman skrár.

Samskipti milli gáttar og vettvangs og milli skrár og vettvangs skulu vera samskipti milli tveggja aðila.

5. Samskiptareglur

Nota skal öruggar IP-samskiptareglur, s.s. HTTPS, við samskipti milli gáttar, vettvangs og skráa.

Nota skal staðlaðar samskiptareglur, s.s. SOAP-samskiptareglur (e. *Simple Object Access Protocol*), við sendingu gagna og lýsigagna.

6. Öryggisstaðlar

Við samskipti og dreifingu upplýsinga í gegnum samtengingarkerfi skráa um raunverulegt eignarhald skulu tæknilegar ráðstafanir til að tryggja lágmarksöryggisstaðla upplýsingatækni m.a. fela eftirfarandi í sér:

- a) ráðstafanir til að tryggja upplýsingaleynd, m.a. með því að nota öruggar rásir, s.s. HTTPS-samskiptareglur,
- b) ráðstafanir til að tryggja heilleika gagna meðan á gagnaskiptum stendur,
- c) ráðstafanir til að tryggja að uppruni sendanda upplýsinga sé óhrekjanlegur innan samtengingarkerfis skráa um raunverulegt eignarhald og að móttaka upplýsinga sé óhrekjanleg,
- d) ráðstafanir til að tryggja skráningu öryggisatburða samkvæmt viðurkenndum alþjóðlegum tilmælum um öryggisstaðla fyrir upplýsingatækni,
- e) ráðstafanir til að tryggja sannvottun og heimild sérhvers viðurkennds notanda og ráðstafanir til að sannprófa auðkenni kerfa sem tengd eru gáttinni, vettvanginum eða skránum innan samtengingarkerfis skráa um raunverulegt eignarhald,
- f) ef nauðsyn krefur, ráðstafanir til að koma í veg fyrir sjálfvirkar leitir og afritanir skráa, s.s. með takmörkun á fjölda leitarniðurstaðna sem hver skrá gefur að hámarki og með notkun CAPTCHA-⁽⁵⁾ virkni.

7. Gagnaskipti innan ramma samtengingarkerfis skráa um raunverulegt eignarhald

- 7.1. Vísað er til upplýsingamengisins í landsbundnu skránum er varða fyrirtæki eða aðra lögaðila, eða fjárvörslusjóð eða sambærilega gerð lagalegs fyrirkomulags, sem „BO-skrár“. BO-skráin inniheldur skráningarupplýsingar um viðkomandi aðila eða fyrirkomulags, aðila sem er raunverulegur eigandi eða eigendur þess aðila eða fyrirkomulags, sem og um hagsmunaeign þessara eigenda.
- 7.2. Í tengslum við fyrirtæki eða annan lögaðila, sem og í tengslum við fjárvörslusjóð eða sambærilegt fyrirkomulag, skulu skráningarupplýsingar innihalda upplýsingar um heiti, félagsform, sem og skráningarheimilisfang og landsbundið skráningarnúmer, ef fyrir hendi.
- 7.3. Hvert aðildarríki skal hafa möguleika á að bæta viðbótarupplýsingum við skyldubundnu lágmarksupplýsingarnar. Að því er varðar raunverulega eigandann og hagsmunaeign hans skulu skyldubundnu lágmarksupplýsingarnar samanstanda af gögnumum sem sett eru fram í annarri undirgrein 5. mgr. 30. gr. og í annarri undirgrein 4. mgr. 31. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849. Að því er varðar auðkenni raunverulega eigandans, skulu viðbótarupplýsingar innihalda a.m.k. fæðingardag og -ár eða samskiptaupplýsingar, eins og sett er fram í síðasta málslið 5. mgr. 30. gr. og þriðju undirgrein 4. mgr. 31. gr. Gögnin úr BO-skránni skulu mótuð eftir hefðbundinni viðmótsforskrift.

(5) Alsjálfvirkt almennt Turing-skynpróf til að greina að tölvur og mannverur (e. *Completely Automated Public Turing test to tell Computers and Humans Apart*).

7.4. Upplýsingaskiptin skulu einnig ná yfir skilaboð sem nauðsynleg eru fyrir starfrækslu kerfisins, s.s. staðfestingu á móttöku, aðgerðaskráningu og skýrslugjöf.

8. Uppbygging staðlaða skilaboðasniðsins

Upplýsingaskipti milli skrána, vettvangsins og gáttarinnar skulu byggð á stöðluðum aðferðum við uppbyggingu gagna og skulu sett fram á stöðluðu skilaboðasniði, t.d. XML-snið ⁽⁶⁾.

9. Gögn fyrir vettvanginn

9.1. Í samræmi við samvirkni kröfurnar skal þjónustan sem hver skrá býður vera samræmd og sett fram með sama viðmóti til að gera innhringiforriti, s.s. vettvanginum, kleift að eiga samskipti við aðeins eina gerð viðmóts sem sýnir sameiginlegt mengi gagnastaka. Aðildarríki skulu aðlaga innri gagnaskipan sína með notkun vörpunartaflna eða svipaðri tækniinnleiðingu til að uppfylla kröfurnar í viðmótsskilgreiningunum sem framkvæmdastjórnin veitir.


9.2. Eftirfarandi tegundir gagna skulu vera tiltækar fyrir vettvanginn svo að hann geti sinnt hlutverki sínu:

- gögn sem gera kleift að bera kennsl á þau kerfi sem eru tengd vettvanginum. Meðal þessara gagna geta verið vefslóðir eða númer eða kóðar sem auðkenna sérhvert kerfi innan samtengingarkerfi skráa um raunverulega eigendur á einkvæman hátt,
- önnur vinnslugögn sem eru nauðsynleg fyrir vettvanginn til að tryggja eðlilega og skilvirka starfsemi leitarþjónustunnar og rekstrarsamhæfi skrána við vettvanginn. Meðal þessara gagna geta verið kóðaskrár, tilvísunargögn, orðalistar og tengdar þýðingar á þessum lýsigögnum sem og skráningar- og skýrslugjafargögn.

9.3. Vinna skal úr þeim gögnum og lýsigögnum sem vettvangurinn hefur unnið með og geyma þau í samræmi við öryggisstaðlana sem settir eru fram í 5. þætti.

10. Vinnsluáferðir kerfisins og upplýsingatækniþjónusta sem vettvangurinn veitir

10.1 Byggja skal kerfið á eftirfarandi tæknilegum vinnsluáferðum að því er varðar dreifingu og skipti á upplýsingum:



⁽⁶⁾ Stækkanlegt ívafsmál (XML).

- 10.2. Svo að skilaboðunum sé komið til skila á viðeigandi tungumáli skal vefgáttin um evrópsk réttarkerfi veita upplýsingar um tilvísunargögn, s.s. kóðaskrár, stýrð orðasöfn og orðalista. Ef við á skal þýða þau á opinber tungumál í Sambandinu. Nota skal viðurkennda staðla og stöðluð skilaboð, þar sem unnt er.
- 10.3. Framkvæmdastjórnin skal deila með aðildarríkjunum frekari upplýsingum um tæknilegu vinnsluaðferðir og innleiðinguna á þeirri upplýsingatækniþjónustu sem vettvangurinn veitir.

11. Leitarforsendur

11.1. Þegar leit er framkvæmd skal velja a.m.k. eitt land.

11.2. Gáttin skal gefa eftirfarandi samræmdar forsendur fyrir leitinni:

a) að því er varðar fyrirtæki eða aðra lögaðila, fjárvörslusjóði eða sambærilegt fyrirkomulag:

- i. heiti lögaðilans eða fyrirkomulagsins,
- ii. landsbundið skráningarnúmer.

Leitarforsendurnar skv. i. og ii. lið má nota hvora fyrir sig,

b) að því er varðar raunverulega eigendur:

- i. for- og eftirnafn raunverulegs eiganda,
- ii. fæðingardag og -ár raunverulegs eiganda.

Leitarforsendurnar skv. i. og ii. lið skulu notaðar saman.

11.3. Aðrar leitarforsendur geta verið gefnar í gáttinni.

12. Greiðslufyrirkomulag og skráning á Netinu

12.1. Vegna þeirra gagna sem aðildarríkin taka greiðslu fyrir og eru gerð aðgengileg í gáttinni gegnum samtengingarkerfi skráa um raunverulegt eignarhald, skal kerfið leyfa notendum að greiða rafrænt með algengum greiðslumátum, s.s. kredit- og debetkortum.

12.2. Í samtengingarkerfi skráa um raunverulegt eignarhald skulu vera aðgerðir sem tryggja möguleika á rafrænni skráningu í samræmi við 5. mgr. a 30. gr. og 4. mgr. a 31. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849.

13. Aðgengi að þjónustu

13.1. Þjónustan skal vera aðgengileg allan sólarhringinn, sjö daga vikunnar, með a.m.k. 98% hlutfall tiltækileika samtengingarkerfis skráa um raunverulegt eignarhald að undanskildu reglubundnu viðhaldi.

13.2. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um viðhaldsaðgerðir sem hér segir:

- a) með 5 virkra daga fyrirvara vegna viðhaldsvinnu sem kann að valda því að kerfið sé ekki tiltækt í allt að 4 klukkustundir,
- b) með 10 virkra daga fyrirvara vegna viðhaldsvinnu sem kann að valda því að kerfið sé ekki tiltækt í allt að 12 klukkustundir,
- c) með 30 virkra daga fyrirvara vegna viðhalds á innviðum í tölvusal sem kann að valda því að kerfið sé ekki tiltækt í allt að 6 daga á ári.

Að því marki sem unnt er skal skipuleggja viðhaldsvinnu utan vinnutíma (kl.19:00–08:00 á Mið-Evróputíma).

- 13.3. Ef aðildarríki hafa ákveðið fasta vikulega þjónustutíma skulu þau tilkynna framkvæmdastjórninni um þann tíma og vikudag sem þessir föstu vikulegu þjónustutímar eru fyrirhugaðir. Með fyrirvara um skyldurnar skv. a- til c- lið annarrar málsgreinar geta aðildarríki valið að senda ekki tilkynningu til framkvæmdastjórnarinnar ef kerfi aðildarríkja verða óaðgengileg meðan á slíkum föstum þjónustutíma stendur.
- 13.4. Ef óvænt bilun í tæknibúnaði veldur því að kerfi aðildarríkja eru óaðgengileg í meira en hálf klukkustund skulu þau upplýsa framkvæmdastjórnina án tafar á vinnutíma (kl.09:00–16:00 á Mið-Evróputíma) um að kerfi þeirra sé óaðgengilegt og hvenær áætlað er að þjónustan komist aftur í lag, ef það er vitað.
- 13.5. Ef óvænt bilun verður í miðlæga vettvanginum eða gáttinni skal framkvæmdastjórnin tilkynna aðildarríkjunum tafarlaust á vinnutíma (kl.09:00–16:00 á Mið-Evróputíma) um að vettvangurinn eða gáttin sé óaðgengileg og hvenær áætlað er að þjónustan komist aftur í lag, ef það er vitað.

14. **Reglur um umritun**

Hvert aðildarríki skal umrita leitarskipanirnar sem beint er til þeirra og leitarniðurstöðurnar í samræmi við landsstaðla sína.